

Svar

**háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn
frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um leikskólakennaranám.**

1. *Hversu margir hafa útskrifast með B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræði ár hvert á árunum 2005–2022?*
 2. *Hversu margir hafa útskrifast með M.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræði ár hvert á árunum 2012–2022?*
1. og 2. lið fyrirspurnarinnar er svarað saman í eftirfarandi töflu:

Fjöldi brautskráðra úr leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri 2005–2022 eftir námsgráðu, B.Ed., M.Ed. og MT.												
Ár	HÍ			HA			HÍ			HA		
	B.Ed.	B.Ed.	Samtals	M.Ed.	M.Ed.	Samtals	MT	MT	Samtals	MT	MT	Samtals
2005	58	32	90									
2006	99	67	166									
2007	80	54	134									
2008	71	49	120									
2009	64	17	81									
2010	83	14	97									
2011	77	19	96									
2012	27	20	47									
2013	24	7	31	2			2					
2014	14	10	24	8	6	14						
2015	18	5	23	8	4	12						
2016	11	7	18	11	1	12						
2017	12	5	17	14	0	14						
2018	19	6	25	19	3	22						
2019	21	8	29	20	4	24						
2020	34	4	38	21	10	31						
2021	39	9	48	18	3	21	31	10	41			
2022	48	11	59	12	2	14	67	6	73			

Skýringar við töflu:

Árið 2020 kom til svokallað MT-nám (á sama stigi og M.Ed.-nám – tekin námskeið í stað meistararitgerðar) sem veitir kennararéttindi. Fyrsta brautskráning í því námi var árið 2021.

3. Hversu margir hafa skráð sig í grunnnám í leikskólakennarafræði ár hvert á árunum 2005–2022?

Fjöldi nýnema í grunnnámi í leikskólafræði			
	HÍ	HA	
Ár	Fjöldi	Fjöldi	Samtals
2005		21	
2006		20	
2007		14	
2008	111	43	154
2009	69	15	84
2010	45	11	56
2011	28	12	40
2012	27	7	34
2013	38	5	43
2014	41	10	51
2015	63	14	77
2016	37	13	50
2017	53	12	65
2018	67	15	82
2019	64	16	80
2020	124	20	144
2021	62	21	83
2022	57	24	81

Skýringar við töflu:

Háskóli Íslands.

Gögn Háskóla Íslands miða við fjölda nýrra nema í grunnnámi í leikskólakennarafræði frá sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem varð árið 2008.

Háskólinn á Akureyri.

Á árunum 2005–2015 sóttu nemendur ekki um að hefja B.Ed.-nám í leikskólakennarafræði heldur um almennt B.Ed.-nám. Þeir völdu síðan á milli leikskólakjörsviðs og grunnskóla-kjörsviðs í lok fyrsta námsárs. Þeir sem hurfu frá námi á fyrsta ári völdu þar af leiðandi aldrei á milli, þannig að þeir sem hér eru sagðir hafa hafið grunnnám í leikskólakennaranámi á árunum 2005–2015 eru þeir sem völdu það eftir að hafa stundað námið í eitt ár.